



# MENNTAVÍSINDI

## Gleðin í málinu: Árangursríkt leik- og grunnskólastarf

Hvernig má stuðla að hvetjandi málumhverfi barna og nýta samveru- og lestrarstundir til eflingar orðaforða og samræðna þannig að öll börn taki þátt?

Tilgangur námskeiðsins er að þátttakendur efla þekkingu sína á mikilvægi málörvunar í leik og starfi með leik- og grunnskólabörnum. Þeir læri að beita árangursríkum aðferðum sem byggja á gleði og sköpun, styðja við aukinn málþroska og hvetja til virkrar málnotkunar barna.

Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að þátttakendur myndi lærdóms-samfélög. Í því felst að þátttakendur innan sama skóla eða milli skóla vinna sameiginlega að ákveðnum markmiðum sem þeir setja sér og viðhalda eftir að námskeiði lýkur. Þátttakendur fá tækifæri til að læra saman og styðja hver annan í að þróa starfshætti með börnum. Grunnhugmyndin er að þátttakendur líti á það sem sameiginlegt verkefni allra í skólasamfélaginu að styðja börn og hvetja til virkrar málnotkunar.

### MARKHÓPUR

Kennarar og leiðbeinendur sem vinna með börnum á aldrinum 1-7 ára í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fólk sem uppfyllir ekki kröfur um háskólanám getur tekið námskeiðið án eininga.

### TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið er í fjarnámi. Kennsla fer fram á vef námskeiðsins, skyldumæting er á fjarfundi þar sem fara fram umræður og hópavinna. Fyrirlestrar verða teknir upp og settir á vef námskeiðsins sem nemendur hlusta á fyrir fjarfundi.

### SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

- 7. DES. Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum [skráningarsíðu Starfsþróunar MVSt.](#)
- 55.000 KR. Skráningargjald er 55.000 kr. (42.500 kr. án eininga).\* Gjaldtagi er 6. janúar 2021.
- 10 ECTS Námskeiðið gefur 10 ECTS á framhaldsstigi.

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: <https://bit.ly/3fCoDiV>

\* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið. Nánari upplýsingar um skráningargjöld á [skráningarsíðu](#).



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ